

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um loðdýrarækt og innflutning loðdýra,
nr. 444 22. júlí 1982.

1. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Sala loðdýra innanlands er aðeins heimil til þeirra er hafa leyfi landbúnaðarráðuneytisins til reksturs loðdýrabús. Seljanda ber að fullvissa sig um að kaupandi hafi slíkt leyfi. Búnaðarfélag Íslands hefur yfirumsjón með mati á lífdýrum. Kaupendum lífdýra skal gefinn kostur á því að trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands meti þau lífdýr, sem hann áformar að kaupa. Skulu þá dýrin merkt og skráð í þríriti og heldur seljandi einu eintaki, kaupandi fær annað og Búnaðarfélag Íslands hið þriðja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 51 29. maí 1981 um loðdýrarækt, öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1986.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum og sveitarfélögum með lyfjasölu ber að greiða fyrir árið 1986, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984, skal vera sem hér segir:

	Kr.
I. flokkur	52 000,00
II. flokkur	46 000,00
III. flokkur	40 000,00
IV. flokkur	29 000,00
V. flokkur	20 000,00
VI. flokkur	14 000,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek
Apótek Austurbæjar

II. flokkur:

Borgar Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek